

Alþingi
Erindi nr. P 128/878
komudagur 28.1.2003

Umhverfisstofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, um sölu á rjúpu o.fl. Þskj. 499 — 404. mál.

1. gr.

Á eftir orðunum „Vélknúin farartæki á landi“ í 2. másl. 17. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: önnur en vélsleða og fjórhjól.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja rjúpur og rjúpnaafurðir. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu rjúpna og rjúpnaafurða gegn endurgjaldi. Gera má upptækar til ríkissjóðs rjúpur og rjúpnaafurðir sem boðnar eru til sölu eða eru seldar í bága við ákvæði þetta, svo og andvirði þeirrar sölu.

Bann skv. 1. mgr. nær ekki til innfluttra rjúpna og rjúpnaafurða. Ber innflytjanda og selj anda að tryggja að innfluttar rjúpur og rjúpnaafurðir séu þannig merktar við innflutning og sölu að fram komi í hvaða landi þær eru upprunnar.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 15. október 2008.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. október 2003

Stofnbreytingar á rjúpu.

Að mati Umhverfisstofnunar er rjúpnastofninn ekki í sögulegu lágmarki sé miðað við fyrirbyggjandi gögn og ekki í útrýmingarhættu þótt topparnir séu lægri í dag en var fyrri hluta síðustu aldar. Dýpri lægðir eru þekktar frá fyrri tíð og einnig eru vísbendingar um að hámark á sjöunda áratug síðustu aldar hafi verið lægra en síðasta hámark. Þekkt hámark eru ekki nema fimm með núverandi mælingum og ekki hægt að bera stærð þeirra saman beint við mælingar sem fengust með útfutningstölum fyrr á öldum. Af þessum fimm eru 3 hærri en síðasta hámark, og eitt lægra og fyrsta hámarkið, á fimmta áratug

var mun hærra en þau sem á eftir fylgja. Hugsanlega er ástand stofnsins í dag en þó er ýmislegt sem bendir til þess að ætla má að rjúpnastofninn eigi erfiðara með að ná fyrri hámarkum. Umhverfisstofnun telur því ekki ástæðu til að bregðast við með algjörri friðun rjúpnar en telur ástæðu til að dregið sé úr rjúpnaveiðum.

Rjúpnaveiðar.

Fjöldi manna sem veiðir rjúpur

Samkvæmt veiðiskýrslum veiddu að jafnaði um 5140 manns rjúpur ár hvert (1995-2000) og er lítil munur á fjölda rjúpnaveiðimanna milli ára (bil: 5132-5405). Ekki er vitað hversu margir fara til rjúpna án þess að veiða nokkuð en talið er að það séu um 1000 manns skv. skoðanakönnun er gerð var á vegum Veiðistjóraembættisins síðastliðinn vetur (2002).

Heildarveiði.

Heildarveiði á rjúpum ár hvert er tiltölulega stöðug og var að jafnaði um 147 þúsund rjúpur á árunum 1995-2001 (105.000-164.000).

Veiðiálag á rjúpnastofninn er hlutfallslega miklu meira þegar stofninn er í lægð en þegar hann er í hámarki. Karravísitölur á árunum 1995-2001 benda til þess að rjúpnastofninn á árunum 1995-2001 hafi verið þrisvar til fjórum sinnum stærri í toppi en í lægð.

Magnveiði

Samkvæmt skýrslum er hlutfall þeirra sem veiða meira en 50 rjúpur nokkuð breytilegt: 11-15% veiðimanna teljast til þessa hóps og og virðist hlutfall þeirra vera hæst þegar mest er af rjúpu. Þessir svokölluðu magnveiðimenn veiða 48-59% af heildaraflanum. Þeir sem veiða meira en 100 rjúpur ár hvert eru 3-6% veiðimanna.

Upplýsingar um heildarafla liggja fyrir um öll þessi ár en eftir er að greina skiptingu milli á einstakra veiðimanna 1998, 1999 og 2001.

Umhverfisstofnun tekur undir þá skoðun Náttúrufræðistofnunar, Skotveiðifélags Íslands o.fl. að rjúpnaveiðar eigi fyrst og fremst að vera tómstundagaman og telur að allir veiðimenn verði tímabundið að taka á sig einhverjar byrðar til að reyna að styrkja stöðu rjúpnastofnsins. Umhverfisstofnun styður að sett verði bann við verslun með rjúpur og þá með sama hætti og nú gildir með æðaregg, þ.e. að bannað verði að selja rjúpur, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Til að slíkt bann beri tilætlaðan árangur þarf að fylgja því vel eftir og jafnframt þarf að hvetja fólk til að draga úr neyslu á rjúpum – minnka þarf eftirspurn samhliða banni. Umhverfisstofnun telur að það muni taka nokkurn tíma að festa sölubann í sessi og því sé ekki mikils árangur að vænta af því fyrr en eftir nokkur ár.

Það er mat Umhverfisstofnunar sem byggt er á skoðanakönnun meðal veiðimanna síðastliðinn vetur (2002), að sölubann á rjúpum eitt og sér gæti dregið úr veiði um 15-20%. Til þess að ná fullri virkni þá þarf að banna gjafir líka. Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að leyfa innflutning á rjúpum frá öðrum löndum svo sem frá Grænlandi nema að fullkannað sé að veiðar á rjúpnastofnum viðkomandi landa séu ekki óeðlilega miklar og um sjálfbæra nýtingu sé að ræða. Það er vel þekkt að mjög hefur verið gengið á ýmsa fuglastofna á Grænlandi vegna ofveiði.

Umhverfisstofnun telur að ekki sé nóg að auka eingöngu rannsóknir á vistfræði rjúpunnar, t.d. til að velja veiðitíma, heldur þurfi einnig að skoða áhrif veiðiaðferða svo sem í tengslum við hvernig tæki eru notuð við veiðarnar, byssur, bílar, snjósleðar o.s.frv. Einnig þarf að skoða hvernig eftirliti er best háttáð með veiðunum. Nauðsynlegt er að samfara aukinni þekkingu á vistfræði rjúpunnar sé leitað leiða til að ná árangri í gegnum stjórnun veiðanna og svo sem með því að draga úr svokallaðri magnveiði. Skoða þarf hvort og hvernig breytt landnotkun hefur áhrif á rjúpnastofninn t.d. breytingar á beit, skógrækt, betra og auðveldara aðgengi (vegagerð) að svæðum o.fl.

Niðurstaða.

1. Umhverfisstofnun mælir með sölubanni á rjúpu og hvetur eindregið til þess að skrefið verði stigið til fulls og ákvæðið nái einnig til gjafa.

2. Umhverfisstofnun mælir með því að fjórhjól og snjósleðar verði alfarið bannaðir við veiðar.

Að lokum vill Umhverfisstofnun benda á mótsögn í greinargerðinni:

Í upphafi segir "... og rjúpnastofninn virðist vera í sögulegu lágmarki" en aðeins neðar segir "... þ.e. dregið hefur úr fjölda rjúpna í hámarksárum en lægðirnar virðast svipaðar og áður." Að mati stofnunarinnar verður að koma skýrt fram að farið er í þessar aðgerðir til þess að ná upp næsta toppi rjúpunnar en ekki til þess að ná henni upp úr "lægðinni". Einnig þarf að skilgreina betur hvað átt er við með "sögulegt lágmark".

1. Er hér átt við lágmarkið sé það lægsta sem mælt hefur?

2. Eru hámarksstofnsins lægri en áður, og hversu marga mælipunkta höfum við um það á þessari öld ?

o.s.frv.

Aki Armann Jonsson

Umhverfisstofnun
Veiðistjórnunarsvið